

— Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um póstflutninga í maimánnði. — Eptir 94
skýrslu yðar, dags. í fyrradag, má ætla, að sakir heyskorts og gróðurleysis verði sem 8. maí,
stendur eigi unnt að flytja allar böggulsendingar þær, sem vænta má að afhentar verði
til afgreiðslu með norðurlandspóstinum, sem nú á að leggja á stað, og álitíð þjer ógjör-
legt að senda hjeðan í þetta sinn meira, en sem svarar koffortum á 3 hesta. Því felst
jég á, að með norðurlandspósti þeim, sem nú á að fara 10. p. m. verði að eins til
flutnings tekið:

- 1) öll brjef,
- 2) öll dagblöð í krossbandi, sbr. lög 4. nóvbr. f. á., 4. gr.,
- 3) af böggulsendingum svo mikið, sem auk sendinganna, sem nefndar eru undir staffið
1. og 2., getur rúmast í samtals 6 koffortum, og skulu meðal slíkra böggla þjer sitja
fyrir, sem eigi fara fram úr 2 pd. þunga, eða 5 pd. þunga, ef peningasendingar eru.
Sbr. augl. 3. maí 1872, 13. gr., nr. 3, a.

— Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Holtastaðabrauds. — Með því að 95
þjer, herra biskup, hafið skýrt mjer frá, að engin önnur úrræði sjeu til þess að útyega 8. maí.
Holtastaðasókn prestsþjónustu en að setja annanhvorn nábúaprestinn til þess að „inter-
im“ og án eptirgjalds til landssjóðs, vil jeg hjer með fallast á þetta fyrirkomulag.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 96
lukkuspil. — Með brjefi frá 14. f. m. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland falið mjer úrskurð 9. maí.
á beiðni prestsins að Lundarbrekku og 4 sóknarmanna um leyfi til að halda lukkuspil
kirkju sinni til hagsmuna.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar,
birtingar, og ráðstöfunar að jeg leyfi tjeðum beiðöndum að stofna lukkuspil á þann
hátt og með þeim tilgangi, sem nákvæmar er skýrt frá í erindi því, er fylgdi þókn-
anlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 2 marz þ. á., þó með því skilyrði að enginn
vinningur verði fölginn í peningaupphæð, ogað þjer, er fyrir lukkuspilinu standa, breyti
nákvæmlega eptir þeim reglum er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjórn kynni að fyrir
skipa til tryggingar fyrir því, að engin vandkvæði hljóti af lukkuspilinu.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 97
útflutningsgjald af fiski og lýsi. — Með þóknanlegu brjefi 21. marz þ. á. senduð þjer 9. maí.
mjer, herra amtmaður, nokkrar spurningar frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu við-
víkjandi rjettum skilningi á lögum 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi
o. fl., og ljetuð um leið í ljósi álit yðar um atriði þau, er sýslumaðurinn hafði spurt
um, og er jeg í öllu verulegu samþykkuur því, er þjer hafið tekið fram. Fyrir því vil jeg
skora á yður að tjá nefndum embættismanni það, er nú greinir:

1. Þeim reglum, er þangað til hafa verið í gildi um skyldu skipa til að sýna skjöl
sín og greiða lögboðin gjöld, hefir ekki verið breytt með lögum 4. nóvbr. 1881 (A. 16).

2. Að því er snertir útflutningsgjald af síld, verður lögreglustjóri að ganga úr
skugga um, hve stórar þær tunnur sjeu, sem síldin flytst út í, en varla mun þörf á að
hann mæli hverja tunnu, því þær munu flestar vera sömu stærðar. Taki tunnurnar

28. dag júním. 1882.